

## HÁLENDISMIÐSTÖÐ Í LAUGAFELLI, EYJAFJARÐARSVEIT

### Ákvörðun um matsskyldu

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að uppbyggingu hálendismiðstöðvar í Laugafelli, Eyjafjarðarsveit, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Eyjafjarðarsveitar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og rekstur tjaldsvæða, gistipjónustu, vatnsveitu og laugar er háður starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Bent er á að fara þarf að 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Ferðafélag Akureyrar og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 17. september 2009.

## INNGANGUR

Pann 8. júlí 2009 tilkynnti Teiknistofa Arkitekta, f.h. Ferðafélags Akureyrar (FFA), uppbyggingu hálandismiðstöðvar í Laugafelli, Eyjafjarðarsveit til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 12 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Eyjafjarðarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, samvinnunefndar um miðhálandi Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Eyjafjarðarsveit með bréfi dags. 30. júlí 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 22. júlí 2009, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með tölvubréfi dags. 15. júlí 2009, samvinnunefnd um miðhálandi Íslands með tölvubréfi dags. 5. ágúst 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 29. júlí 2009. Frekari upplýsingar bárust frá Teiknistofu Arkitekta, f.h. Ferðafélags Akureyrar, með tölvubréfi dags. 7. ágúst 2009.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

### Fyrirhuguð framkvæmd.

Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila eru nú á svæðinu fjórar byggingar auk geymsluskúrs, sem gert er ráð fyrir að verði fjarlægður. Þetta eru:

- Laugafell, gamli skáli FFA (18 gistirými, 31 m<sup>2</sup>).
- Snyrtihús FFA (16 gistirými á loftinu, 44 m<sup>2</sup>).
- Petubæli, bústaður skálavarðar og afgreiðsla, eign FFA (13 m<sup>2</sup>).
- Hjörvarsskáli, eign nokkurra vélsleðamanna í Eyjafirði (35 m<sup>2</sup>).

Framkvæmdin tekur til þriggja bygginga:

- Bygging sem í verður móttaka/afgreiðsla, bústaður skálavarðar og geymsla (51 m<sup>2</sup> grunnflötur með 39 m<sup>2</sup> svefnlofti, alls 90 m<sup>2</sup>).
- Gistiskáli (um 100 m<sup>2</sup> með um 40 gistiplássum) er komi í stað núverandi afgreiðslu og skálavarðarhúss (Petubælis).
- Bygging fyrir almenna ferðaþjónustu (allt að 100 m<sup>2</sup>).

Gert er ráð fyrir að aðkomuvegir, bílastæði, tjaldsvæði, rotþrær/frárennsli, neysluvatnsöflun og hitaveita verði óbreytt frá því sem nú er.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Fram kemur að skálasvæði og tjaldsvæði (mannvirkjasvæði) er afmarkað um 2,9 ha.

**Áhrif á landslag.** Fram kemur að Skálsvæðið er í hlíðarslakka mót vestri og sjáist skálarnir ekki fyrir en komið er nánast alveg að þeim úr austri. Miðað við þá húsagerð sem FFA hefur reist undanfarin ár má gera ráð fyrir að yfirbragð svæðisins batni til muna með nýju húsi og enn frekar síðar, þegar núverandi skálavarðarhús verður endurnýjað með nýbyggingu og geymsluskúr fjarlægður af svæðinu.

**Áhrif á gróður og fugla.** Fram kemur að bakkar Laugakvísar eru vel grónir og líklega hafi ætíð verið gróðursælt við uppspretturarnar á svæðinu. Uppgræðsla í kjölfar uppbyggingar svæðisins hafi haft í för með sér breyting á gróðurfari sem séu megin

áhrif framkvæmda á umhverfið. Engin frekari breyting verði á gróðri við fyrirhugaða uppbyggingu samkvæmt fyrirliggjandi tillögu að deiliskipulagi.

**Áhrif á menningarmínjar.** Fram kemur að Þórutóftir við Laugakvísl, skammt sunnan skálasvæðisins, voru rannsakaðar árið 2005 en þær séu utan framkvæmdasvæðisins. Skammt norðan skálanna og utan skipulagssvæðisins er Þórunnarlaug, upphlaðin með einfaldri grjóthleðslu, þar sem tekið er vatn til upphitunar skálanna.

**Mengunarhætta.** Aukin umferð og hugsanleg fjölgun ferðamanna á svæðinu eykur álag á fráveitukerfið. Á staðnum er rotþró sem rekin er í samræmi við ákvæði reglugerða þar um. Sorp fer í gám sem er fluttur til byggða og sorpi fargað með öðrum úrgangi þar. Að þessu gefnu muni aukin umsvif ekki hafa neikvæð áhrif á umhverfið.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að í svæðisskipulagi miðhálandisins og aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar sé gert ráð fyrir hálandismiðstöð í Laugafelli og að tillaga að deiliskipulagi, sem sé í vinnslu, sé í samræmi við það.

Tilgangur framkvæmdarinnar er uppbygging hagkvæmrar hálandismiðstöðvar þar sem Ferðafélag Akureyrar og aðrir ferðaþjónustuaðilar geti áfram veitt ferðamönnum nauðsynlegan aðbúnað og þjónustu.

Stefnt er að því að nýta haustið 2009 til þess að koma fyrir undirstöðum undir nýtt afgreiðslu og skálavardarhús og flytja það fullbúið í Laugafell sumarið 2010. Ekki eru forsendur til þess að tímasetja byggingu gistiskála og ferðaþjónustuhúss á þessu stigi.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Eyjafjarðarsveit, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, samvinnunefnd um miðhálandi Íslands og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra leggur áherslu á að gengið verði frá vatnsbóli í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar fyrir litlar vatnsveitur og að rotþró, siturlagnir og umhirða samræmist leiðbeiningariti Umhverfisstofnunar. Þá er vakin athygli á að rekstur tjaldsvæða, gistipjónustu, vatnsveitu og laugar er háður starfsleyfi heilbrigðisnefndar og ef fyrirhugað er að geyma eldsneyti á svæðinu er skylt að hafa samráð við heilbrigðiseftirlit um mengunarvarnir.

Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands leggur áherslu á að gerð verði sérstök verndar- og kynningaráætlun um búsetu og menningarmínjar við Laugafell, hverskyns hætta fornleifum sé búin og gerðar tillögur um úrbætur. Setja þurfi fram tillögur um aðgengi í samhengi við aðrar framkvæmdir á staðnum og semja leiðbeiningar um umgengni nálægt minjunum.

Í svörum Ferðafélags Akureyrar kemur fram að félagið álítur að það sé ekki hlutverk þess að hafa frumkvæði að gerð verndar- og kynningaráætlunar og ástæðulaust að tengja hugmyndir um hana við deiliskipulag svæðisins og fyrirhugaðar framkvæmdir. FFA geti hins vegar tekið þátt í slíkri áætlanagerð og tekur undir að hún sé mikilvæg og geti aukið aðdráttarafl og gildi svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að við Laugafell sé um að ræða sérstaka gróðurvin í annars lítt grónu og einsleitu umhverfi, enda hafa fundist á svæðinu 142 tegundir háplantna. Að mati Umhverfisstofnunar séu ekki líkur á að umrædd framkvæmd komi til með að

hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif en leggja þurfi áherslu á vandaðan frágang mannvirkja og fella þau eins og kostur er að svæðinu.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða framkvæmd er tekur til þriggja bygginga. Í fyrsta lagi byggingar sem í verður móttaka/afgreiðsla, bústaður skálavarðar og geymsla (51 m<sup>2</sup> grunnflötur með 39 m<sup>2</sup> svefnlofti, alls 90 m<sup>2</sup>). Í öðru lagi er gert ráð fyrir gistiskála (um 100 m<sup>2</sup> með um 40 gistiplássum) er komi í stað núverandi afgreiðslu og skálavarðarhúss (Petubælis) og í þriðja lagi byggingu fyrir almenna ferðaþjónustu (ótilgreind á þessu stigi).

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12 b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á einstaka umhverfisþætti, landnotkun, landslag, gróður, fugla og menningarminjar liggi fyrir og þau verði ekki veruleg.

Framkvæmdin er í samræmi við svæðisskipulag miðhálandisins, aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar og tillögu að deiliskipulagi sem er í vinnslu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Ferðafélags Akureyrar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Ferðafélags Akureyrar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að kynnt framkvæmd við uppbyggingu hálandismiðstöðvar í Laugafelli, Eyjafjarðarsveit, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingarleyfi Eyjafjarðarsveitar skv. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og rekstur tjaldsvæða, gistipjónustu, vatnsveitu og laugar er háður starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Bent er á að fara þarf að 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Ferðafélag Akureyrar og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 17. september 2009.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson